




YFIRLITSMYND
AÐALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011-2030




**Greinagerð 22.09.2020**

ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS

**Markmið**
Tilgangurinn með breytingunni er að auka möguleikan á að nýta núverandi hesthúsahverfi og þá uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað innan þess í komandi framtíð.

Megin innihald breytingarinnar er fjölgun lóða og byggingarreita fyrir hesthús með viðbótum á jöðrum núverandi byggðar. Stækkun lóða fyrir tarðþrær, færsla reiðstígs norður fyrir Skiphól og eyrnamerking svæðis fyrir þrautabrautir.

Fylgjandi breytingunum er nýr vegur, reiðstígar og aðbúnaðar á svæðinu til að bæta aðgengi og auka umferðaröryggi, sjá nánar deiliskipulagsuppdrátt. Umferðarhraði á Harðarbraut er lækkaður í 30 km og allar aðrar götur innan hverfisins skilgreinar sem vistgötur með reiðhestinn í forgangi. Settar verða upp merkingar til að framfylgja breytingunum.

Nafnabreyting verður á Skólabraut sem nú verður Harðarbraut. Ný gata fær heitið Freyjubakki og vegur heim að Félagsheimilinu Harðarbóli heitir nú Varmárbakki.

Breytingarnar hafa engin áhrif á friðlýst svæði við Varmárbakka.
Færsla reiðstígs norður fyrir Skiphól er gerð í samráði við Minjastofnun.

**Eftirfarandi breytingar eru gerðar á greinargerð:**

**Kafli 1.3 Skipulagsleg staða**
Í gildi er deiliskipulag fyrir hesthúsabyggðina frá 2016.

**Kafli 3.1 Almennt**
Breytingin felur í sér óverulega færslu skipulagsmarka til suð- austurs sem hefur í för með sér stækkun skipulagssvæðisins um 380 m2 . Gildandi stærð er 16,21 ha en verður 16,24 ha

**Kafli 3.2.1 Sameiginlegt hestaíþrótta- og útivistarsvæði**
Núverandi tamningagerði við Harðarbraut til móts við Þokkabakka flyst lengra til austurs við byggingu nýrra hesthúsa á núverandi staðsetningu. Reiðvöllur á norð-/vesturhluta skipulagssvæðis og svæðið umhverfis hann verður eyrnamerkt þrautabraut.

**Kafli 3.3 Hesthúsabyggð**
Skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir fjölgun hesthúsa sem nemur 855 m2. Eða fjölgun byggingareita um 6. Hver ný lóð um sig er 816 m2.
Sé miðað við eins og gert er í gildandi skipulagi að 65% hesthúsa sé nýtt fyrir stíur er hér um fjölgun 145 hesta yfir vormánuðina að ræða.
Á suðausturhluta skipulagsins koma 3 250 m2 byggingarreitir og 3 viðbótar stækkunarreitir upp á 35 m2. Áður en farið er í framkvæmdir á þessum reitum þarf fornleifafræðingur að skoða svæðið á vettvangi með tilliti til fornleifa.
Lóðir við Drífubakka 1 og 3 verða stækkaðar hvor um sig um 18 m2 til að skapa rými fyrir taðþrær.

Stækkun lóða:
Drífubakki 1 var 1020 m2 verður 1038 m2
Drífubakki 3 var 874 m2 verður 892 m2

**Kafli 3.4.1 Vegakerfi**
Gerð verður ný akstursgata , Freyjubakki, milli núverandi lóða Flugubakka og nýrra lóða. Akstursleiðir milli hesthúsa verða skilgreindar sem vistgötur með hámarkshraða 10 km þar sem umferð ríðandi verður í forgangi.

**Kafli 3.4.2 Reiðleiðir**
Reiðleiðir á suð-/austur hluta skipulagssvæðis verða sameinaðar í eina og færðar austurfyrir nýjar lóðir við Freyjubakka. Einnig er gert ráð fyrir að reiðleið sunnan við Skiphól færist norður fyrir hann, niður á árbakkann. Við færslu á reiðleið norður fyrir Skiphól þarf fornleifafræðingu að mæla hólinn upp til að staðfesta ytri mörk hans og afmarka 15 metra helgunarsvæði áður en vegstæði er sett út í samráði við Minjastofnun.

**Kafli 3.4.4 Bílastæði**
Bílastæðum fjölgar um 14. Tveimur við Harðarbraut neðan Freyjubakka og 12 innan götunnar. Á þremur stæðum við Blíðubakka 1 framan við hlöðudyr er kvöð um akstursmöguleika.

**Kafli 4.2.1 Hesthús merkt D**
Ákvæði varðandi leyfilega samanlagða lengd turna, fellur úr gildi.

**Kafli 4.2.2 Hesthús merkt E**
Ákvæði varðandi leyfilega samanlagða breidd kvista fellur úr gildi.

ÁÐUR SAMÞYKKT DEILISKIPULAG FYRIR HESTHÚSAHVERFI Á VARMÁRBÖKKUM FELLUR ÚR GILDI MEÐ SAMÞYKKT ÞESSARI.

SJÁ NÁNAR MEÐFYLGJANDI GREINARGERÐ OG SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLA, DAGS. OKTÓBER 2015, BR. 15.03.2016

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SAMKVÆMT 1.MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010
FRÁ____________________TIL__________________
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN MOSFELLSBÆJAR ÞANN
____________

DEILISKIPULAG ÞETTA ÖÐLAÐIST GILDI MEÐ AUGLÝSINGU Í B - DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN____________2020.

________________________________
BÆJARSTJÓRINN Í MOSFELLSBÆ

# HESTAÍÞRÓTTASVÆÐI Á VARMÁRBÖKKUM

## DEILISKIPULAGSBREYTING

Skipulagsuppdráttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:1000 | TEIKN NR: | 100 |
| DAGS: | September 2020 | HANNAÐ: | HSG/RV |
| FLOKKUR: | 1604 | TEIKNAÐ: | HSG |
| SKRÁ: | 19049 - deilisklbreiting | VERKNR: | 19049 |

LANDSLAG EHF
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 5355300, FAX: 5355301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS